

## 2. gr.

Sælgætisframleiðendur skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tekjum ríkisins.

## 3. gr.

Verð á sælgæti, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka, sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts.

## 4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

## 5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 20 aukum af hverjum stokki, er verzlunin selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en kr. 1000000.00 á ári næstu 20 ár.

## 2. gr.

3. og 4. málsl. fyrri málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 400.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 2000.00 á hvern fermetra gólfplat. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 50 árum.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*